

Fundargerð

Þriðjudaginn 8. desember 2020 kl. 14:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

1. Framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga vegna Covid-19

Haldið var áfram að útfæra aðferðafræði við útreikninga á framlögum til sveitarfélaga vegna Covid-19. GAG bætti við gögnum um útsvar sveitarfélaga fyrir október mánuð ásamt gögnum um hreint veltufé fyrir hvert sveitarfélag út frá tölum úr ársreikningum 2019. Rætt var um að miða við þau framlög jöfnunarsjóðs sem lækkuðu frá upphaflegri áætlun. Ákveðið var að boða nýjan fund þar sem ekki náðist að klára ýmis atriði innan tilsetts fundartíma.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 15:00

Næsti fundur nefndarinnar verður miðvikudaginn 9. desember 2020